

Stefna um verndun og velferð barna

Velferðaráætlun HK

- Innan raða HK eiga öllum að líða vel.
- Íþróttafélagið HK hafnar öllu ofbeldi. Ábendingum um ofbeldi er öllum tekið alvarlega, sama í hvaða formi það ofbeldi er.
- Líðan iðkenda skiptir félagið miklu máli og er það skylda félagsins að bregðast við ef grunur um langvarandi vanlíðan kviknar.
- Allir innan félagsins skulu bregðast við ef minnsti grunur er á að iðkandi sé lagður í einelti. Langvarandi einelti hefur slæm áhrif á þolenda og því skal það brýnt fyrir öllum að bregast hratt og örugglega við grun um einelti.
- Gerendur eineltis skulu líka fá viðeigandi aðstoð þar sem eitthvað undirliggjandi getur verið áhrifavaldur í eineltishegðun þess iðkenda.
- Foreldrar eru hvattir til að vera vakandi við einkennum um vanlíðan hjá börnum sínum eða vina þeirra.
- Félagið skal fræða bæði foreldra og iðkendur um þessa stefnu sína og viðbragðsáætlun. Hún ætti að vera kynnt á hverju hausti í upphafi tímabils, m.a. á foreldrafundum flokka.

Einelti

Æskulýðsvettvangurinn skilgreinir einelti á eftirfarandi hátt:

Einelti er endutekin ótilhlýðleg og ámælisverð háttsemi, þ.e. athöfn eða hegðun sem er til þess fallinn að niðurlægja, gera lítið úr, móðga, særa, mismuna eða ógna og valda vanlíðan hjá þeim sem hún beinist að. Kynferðisleg áreitni og annað endurtekið andlegt og líkamlegt ofbeldi fellur hér undir. Hér er ekki átt við skoðunarágreining eða hagsmunaárekstur sem kann að koma upp í æskulýðs- og íþróttastarfi.

Kynferðisleg áreitni og annað endurtekið andlegt, líkamlegt og starfrænt ofbeldi fellur hér undir. Hér er ekki átt við skoðunarágreining eða hagsmunaárekstur sem kann að koma upp í æskulýðs- og íþróttastarfi.

Einelti getur þrífist alls staðar þar sem samskipti eiga sér stað án tillits til aldurs fólks, vitsmunaproska, efnahags, stéttar, stöðu eða búsetu. Einelti getur því komið upp hjá öllum aldursflokkum, bæði börnum og fullorðnum. Þá hefur einelti margar mismunandi birtingarmyndir og getur verið andlegt, líkamlegt og/eða starfrænt.

Neteinelti

Neteinelti er ein af þeim hættum sem steðja að börnum og ungmennum í dag. Rannsóknir sýna að á grunnskólaaldri er netnotkun orðin hluti af þeirra daglega lífi. Neteinelti á sér aðallega stað á samfélagsmiðlum og birtingarmyndir þess geta verið margvíslegar. Má þar helst nefna særandi einkaskilaboð, niðrandi ummæli á samfélagsmiðlum, útskúfun, misnotkun á auðkenni fórnarlamb, og

lygasögur og birtingar á vandræðalegu eða niðrandi myndefni. Þrátt fyrir að ljót samskipti geti átt sér stað nánast hvar sem er á netinu ber að vara sérstaklega við samfélagsmiðlum þar sem notendur geta átt í nafnlausum samskiptum.

Þjálfari hvers flokks fyrir sig þarf í upphafi hvers tímabils að setja samskiptareglur fyrir sinn flokk. Þar þarf að koma fram að einelti og allt ofbeldi er ekki liðið innan félagsins og brot á því fylgja afleiðingar. Þjálfarar eru fyrirmyndir fyrir iðkendur í góðum samskipti og gagnkvæmni virðingu.

Kynferðisofbeldi

Kynferðisleg áreitni: Hvers kyns kynferðisleg hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg (Vinnueftirlitið)

Kynferðisleg áreitni getur t.d. falist í óvelkomnum nektarmyndarsendingum eða beiðni um slíkar myndir. Einnig getur það að klípa í rass, brjóst eða kynfæri án þess að beiðið sé um leyfi verið kynferðisleg áreitni. Óviðeigandi eða dónaleg skilaboð, bein eða rafræn, sem ekki er áhugi á að fá og oft ekki hætt þó að beiðið sé um að það sé gert er líka kynferðisleg áreitni. Einnig dónalegt eða óviðeigandi tal, gláp, kynferðisleg hljóð eða hreyfingar eða umræður sem ekki er áhugi fyrir að hlusta á eða taka þátt í. Það er líka kynferðisleg áreitni ef um er að ræða óumbeðna sýningu á klámfengnu myndefni.

Kynferðislegt ofbeldi: Allt óvelkomið kynferðislegt samneyti frá káfi, klípum eða klappi yfir í samfarir hvort sem um er að ræða kynfæramök, munnmök eða í endaparm, allt frá því að gerast einu sinni yfir í að standa yfir í mörg ár, allt frá því að vera leyndarmál milli geranda og þolenda yfir í klámiðnað. Gerandi getur verið á öllum aldri, af báðum kynjum og allt frá því að vera nátengdur þolendanum yfir í að vera alls ókunnur. Þolandi getur verið á öllum aldri og af báðum kynjum (Velferðarráðuneytið)

Dæmi um kynferðislegt ofbeldi er t.d. þrýstingur eða suð um að taka þátt í kynferðislegum athöfnum sem ekki er áhugi á að taka þátt í, kynferðislegar athafnir sem ekki hefur verið veitt skýr samþykki fyrir eða það þegar valdi eða hótunum er beitt til að neyða einhvern til þátttöku í kynferðislegum athöfnum.

Líkamleg og andleg vanlíðan

Félaginu ber skilda til að bregðast við andlegri og líkamlegri vanlíðan iðkanda ef sú staða kemur upp. Þjálfarar eiga veita iðkendum stuðning og fara með málið til síns yfirmanns ef frekari stuðnings er talinn þörf, svo sem vísun til sálfræðinga, sjúkráþjálfara, nuddara, hnikkjara eða annara sérfræðinga.

Viðbragðsáætlun

Það er mikilvægt að bregðast hratt við þegar vísbendingar eða ábendingar koma upp um einelti, kynferðislega áreitni/ofbeldi og hverskyns vanlíðan. Því fyrr sem tekið er á málinu, því líklegra er að hægt sé að stöðva óæskilegu hegðunina og að afleiðingar hennar verði minni til frambúðar.

Sá aðili sem fær tilkynningu um óæskilega hegðun skal reyna eftir fremsta megni að vera rólegur og sýna þeim sem tilkynnir hegðunina alúð og fulla athygli. Allir sem tilkynna óæskilegra hegðun fá tíma til að ræða hana og sama hversu flókið málið kann að vera þá fær aðilinn sem tilkynnir að njóta alls vafa. Aðilinn sem fær upplýsingarnar skal alls ekki spyrja lokaðara spyrninga, heldur spyrja opinna spurninga svo hann sé ekki að leiða samtalið. Aðilinn sem tekur á móti upplýsingunum skal reyna halda aftur að tilfinningum sínum til að reyna hindra ekki frekari frásögn frá viðkomandi.

Skref til hliðsjónar

- Munið að sýna viðkomandi fulla athygli og að skrifa niður það sem aðilinn hefur frá að segja
- Málið skal tilkynnt til yfirþjálfara/framkvæmdarstjóra sem hefur það hlutverk að koma málinu á réttan stað.
- Ef málið er þess efnis að þolandi er metinn í hættu og ekki næst í viðkomandi yfirmann skal hiklaust hafa samband við barnavernd eða lögreglu (112). Sé málið komið í hendur barnaverndar eða lögreglu er hlutverk íþróttafélagsins einungis til stuðnings þeirra sem hafa aðkomu að málinu og láta viðeigandi stofnun um rannsókn málsins.
- Ávallt skal tilkynna alvarleg ofbeldismál til lögreglu.
- Félagið skal vera tilbúið til að gera viðeigandi breytingar á sínu starfi meðan á rannsókn mála standa. Það getur falið í sér tímabundið leyfi á starfsmanni eða færslu milli hópa eða flokka fyrir iðkendur.
- Sé málið þess efnis að óljóst er hvort leysa eigi það innan félags eða viðeigandi fagaðila (lögreglu/barnaverndar) skal hafa samband við framkvæmdarstjóra/stýru Æskulýðsvettvangsins.
- Ávallt skal gæta trúnaðar við þau mál að slíkum toga sem koma upp innan félagsins.

Sé hægt að leysa málið innan félagsins

- Sé hægt að leysa málið innan félagsins skal framkvæmdarstjóri vera upplýstur um málið. Öll mál sem snúa að kynferðislegu ofbeldi skulu skulu vera leyst hjá viðeigandi fagaðilum (lögreglu/barnavernd). Mál sem snúa að kynferðislegri áreitni skulu vera leyst með a.m.k. einu hlutlausum aðila.
- Allir sem að málinu koma munu fá tíma til að segja sína hlið og gætt skal að allir fái fulla athygli og að komið sé fram við þá af virðingu. Skoða skal þann möguleika að leysa málið í sameiningu með þeim aðilum innan félagsins sem að málinu koma.
- Öll málgögn skulu vera skjalfest og geymd á stað þar sem þau eru örugg. Trúnaði skal gætt við alla málsaðila.

- Það getur verið mikilvægt við úrlausn mála innan félags að þjálfarar, foreldrar, barna- og unglingaráð eða aðrir aðilar hafi aðkomu að málinu.
- Iðkendur sem eru yngri en 18 ára skulu ávallt hafa foreldra viðstadda þegar rætt er við þá, nema málið sé að þeim toga að foreldri sé að brjóta gegn barninu. Í slíku tilviki skal barnavernd hafa umsjón með málinu. Þegar rætt er einungis við foreldra skulu tveir starfsmenn félagsins vera viðstaddir fundinn.
- Félagið skal vera viðbúið að veita þolanda þann stuðning sem hann þarf að formi sálfræðiaðstoðar, reglulega samtala eða úrræða sem snúa að æfingum (færslu milli hópa).
- Þolanda skal ávallt hafður með í ráðum varðandi inngrip inn í mál hans.
- Eftir að máli hefur verið lokið skal fylgja eftir líðan þolanda og tryggja að hann upplifi sig öruggan innan félagsins.